

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbréf 561 0774

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/2004*  
*komudagur 25.4.198*

Reykjavík 22. apríl 1998.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska sildarstofninum, 642. mál.**


Sjómannasamband Íslands telur eðlilegt að á næstu þremur árum verði veiðiheimildum skipt þannig til bráðabirgða, að sem raunhæfust mynd fái á því hverjir munu nýta stofninn í framtíðinni, þ.e. skipin afli sér raunhæfrar veiðireynslu á næstu þremur árum.

Álitamál er með hvaða hætti veiðiheimildunum skal skipt til bráðabirgðar í upphafi. Samkvæmt b-lið 2. greinar er 60% skipt eftir stærð skipanna, en 40% er skipt jafnt. Jafnframt er útgerðum, sem ekki hafa tekið þátt í veiðunum gefinn kostur á að taka þátt í þeim þar sem aðeins 90% af heildarveiðiheimildunum er í fyrstu útdeilt til þeirra sem veiðarnar hafa stundað áður. Sjómannasamband Íslands getur fallist á þessa aðferð við bráðabirgðaskiptingu veiðiheimildanna þar sem heimild til að framselja aflamarkið er þrátt fyrir framangreinda skiptingu takmörkuð við veiðireynslu skipanna síðustu þriggja ára sbr. c-lið 2. greinar.

Mikilvægt er að fljótlega eftir að veiðarnar hefjast verði skoðað hvaða skip munu nýta rétt sinn til veiðanna, þannig að hægt verði að endurúthluta ónýttum veiðiheimildum sem fyrst til þeirra sem veiðarnar raunverulega stunda sbr. d-lið 2. greinar.

Aðalatriðið hvað frumvarpið varðar er að með því er ekki verið að færa einstökum útgerðarmönnum verðmæti á silfurfati sem þeir síðan geta braskað með að vild. Á því er tekið í c-lið 2. greinar frumvarpsins og er það ákvæði í anda þeirrar stefnu sem Sjómannasamband Íslands hefur verið með varðandi frelsi útgerðarmanna til að framselja óheft veiðiheimildir. Sjómannasamband Íslands gerir því ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson